

# ÖRYGGISBLAÐ

## Interthane 990SG Deep Base Part A

### 1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

#### 1.1 Vörukenni

Vöruheiti : Interthane 990SG Deep Base Part A  
Kóði vörur : PMA100

#### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Tilgreind notkun	
Fagleg notkun á þekjuefnum, þekjulitum og bleki	
Notkun sem ráðið er frá	Ástæða

#### 1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

International Farg AB  
Holmedalen 3  
Aspereds Industriomrade  
SE-424 22 Angered  
Sweden

Tel: +46 (0) 31 928500 Fax: +46 (0) 31 928530  
**tölvupóstfang þess aðila sem er ábyrgur fyrir þessu öryggisblaði**

#### Tengiliður í viðkomandi landi

SérEfni ehf, Síðumúli 22, Iceland

Tel: +354 517 0404 Fax: +354 517 0403

#### 1.4 Neyðarsímanúmer

**Ráðgjafarnefnd/Eitrunarmiðstöð Einungis ætlað til notkunar af heilbrigðisstarfsfólk.**

Símanúmer : +354 543 22 22

#### Birgir

Símanúmer : +46 8 33 12 31

### 2. LIÐUR: Hættugreining

#### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Skilgreining á vörur : Efnablanda

#### Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

Flam. Liq. 3, H226  
Aquatic Chronic 3, H412

Varan telst hættuleg samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008 með síðari breytingum.

Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.

Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

## 2. LIÐUR: Hættugreining

### 2.2 Merkingaratriði

Hættumerki :



**Viðvörunarorð**

: Varúð

**H-Setningar**

: Eldfimur vökvi og gufa.  
Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

#### Varnaðarsætning

**Til að fyrirbyggja**

: Notið hlífðarhanska. Notið augn- eða andlitshlífar. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. Forðist losun út í umhverfið.

**Viðbrögð**

: BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr öllum fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni eða farið í sturtu.

**Geymsla**

: Geymist á köldum stað.

**Förgun**

: Fargið innihaldi/íláti í samræmi við allar staðbundnar, svæðisbundnar reglugerðir og reglugerðir á landsvísu og aþjóðavísu.

**Aðrir hlutar merkimiða**

: Inniheldur Fatty acids, tall-oil, compds. with oleylamine og Fatty acids, C18-unsatd., trimers, compds. with oleylamine. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Notið viðeigandi öndunargrímu þegar lofræsting er ekki næg.

**XVII. viðauki - Takmarkanir** : Á ekki við.

**að því er varðar**  
framleiðslu,  
markaðssetningu og  
notkun tiltekinna  
hættulegra efna,  
efnablandna og hluta

### 2.3 Aðrar hættur

**Aðrar hættur sem leiða** : Ekki þekkt.  
**ekki til flokkunar**

## 3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

### 3.2 Blöndur

: Efnablanda

Vara/heiti innihaldsefnis	Auðkenni	% af þyngd	Flokkun Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]	Nota (s)	Gerð
Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt	REACH #: 01-2119455851-35 EB: 265-199-0 CAS: 64742-95-6 Atriðaskrá: 649-356-00-4	≤10	Flam. Liq. 3, H226 STOT SE 3, H335 STOT SE 3, H336 Asp. Tox. 1, H304 Aquatic Chronic 2, H411 EUH066	P	[1] [2]
1,2,4-trímetýlbensen	EB: 202-436-9 CAS: 95-63-6 Atriðaskrá: 601-043-00-3	≤5	Flam. Liq. 3, H226 Acute Tox. 4, H332 Skin Irrit. 2, H315 Eye Irrit. 2, H319 STOT SE 3, H335 Aquatic Chronic 2, H411	-	[1] [2]
2-Metoxý-	REACH #:	≤3	Flam. Liq. 3, H226	-	[2]

Dagsetning útgáfu/Dagsetning endurskoðunar : 31/05/2017

Útgáfa : 3

2/15

AkzoNobel

### 3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

1-metýletýlasetat  xýlen	01-2119475791-29 EB: 203-603-9 CAS: 108-65-6 Atriðaskrá: 607-195-00-7  REACH #: 01-2119488216-32 EB: 215-535-7 CAS: 1330-20-7 Atriðaskrá: 601-022-00-9	≤2.5	Flam. Liq. 3, H226 Acute Tox. 4, H312 Acute Tox. 4, H332 Skin Irrit. 2, H315 Eye Irrit. 2, H319 STOT SE 3, H335 Asp. Tox. 1, H304	C	[1] [2]
mesítýlen	EB: 203-604-4 CAS: 108-67-8 Atriðaskrá: 601-025-00-5	≤1	Flam. Liq. 3, H226 Skin Irrit. 2, H315 Eye Irrit. 2, H319 STOT SE 3, H335 Aquatic Chronic 2, H411	-	[1] [2]
Fatty acids, C18-unsatd., trimers, compds. with oleylamine	CAS: 147900-93-4	≤0.3	Acute Tox. 4, H332 Skin Sens. 1, H317 STOT RE 1, H372 Aquatic Chronic 2, H411	-	[1]
Fatty acids, tall-oil, compds. with oleylamine	EB: 288-315-1 CAS: 85711-55-3	≤0.3	Eye Dam. 1, H318 Skin Sens. 1, H317 STOT RE 2, H373  Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.	-	[1]

Það eru engin viðbótar innihaldsefni til staðar sem, samkvæmt núverandi þekkingu birgis og í þeim styrkleika sem um er að ræða, eru flokkuð sem hættuleg heilsu eða umhverfi, eru PBT eða vPvB eða sem eru með skilgreind váhrifamörk á vinnustað (vinnuverndarmörk) og sem þarf þessvegna að tilkynna um í þessum kafla.

#### Gerð

[1] Efni sem er flokkað hættulegt heilsu eða umhverfi

[2] Efni sem hefur váhrifsmörk á vinnustað

[3] Efnið stenst mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrif (PBT) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð (EB) nr. 1907/2006

[4] Efnið stenst mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð nr. 1907/2006

[5] Jafngildisefni

Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við, eru listuð upp í kafla 8.

**Nota  
(s)**

### 4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp

#### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp

- |                          |   |
|--------------------------|---|
| <b>Almennt</b>           | : Ef einkenni eru viðvarandi eða einhver vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað inn um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hann í læsta hliðarlegu og leita læknis. |
| <b>Snerting við augu</b> | : Fjarlægja linsur, skola copiously með hreinu vatni, halda augnlokum sundur í að minnsta kosti 10 mínútur og leita tafarlaust til læknis.  |
| <b>Innöndun</b>          | : Færð í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslið veita öndunarhjálp eða gefa súrefni.   |
| <b>Snerting við húð</b>  | : Fjarlægja skal föt og skó sem óhreinkast af efninu. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkenndan húðhreinsi. Notið EKKI leysa eða þynna.   |

## 4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp

- |   |  |
|---|--|
| <b>Inntaka</b>                          | : Leitið læknisaðstoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið þetta ílát eða miðann. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.  |
| <b>Persónuhlífar skyndihjálparfólks</b> | : Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Það getur verið hættulegt fyrir þann aðila sem veitir skyndihjálp að beita munn við munn aðferðinni. |

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

#### Hugsanleg bráð áhrif á heilbrigði

- |                          |  |
|--------------------------|--|
| <b>Snerting við augu</b> | : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur. |
| <b>Innöndun</b>          | : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur. |
| <b>Snerting við húð</b>  | : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur. |
| <b>Inntaka</b>           | : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur. |

#### Einkenni/merki um of mikil váhrif

- |                          |   |
|--------------------------|---|
| <b>Snerting við augu</b> | : Engar sértækar upplýsingar.   |
| <b>Innöndun</b>          | : Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars:<br>höfuðverkur<br>sljóleiki/preyta<br>sundl/swimi<br>slappleiki í vöðvum<br>meðvitundarleysi |
| <b>Snerting við húð</b>  | : Engar sértækar upplýsingar.   |
| <b>Inntaka</b>           | : Engar sértækar upplýsingar.   |

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

- |                                   |  |
|-----------------------------------|--|
| <b>Athugasemdir ætlaðar lækni</b> | : Meðhöndlið samkvæmt einkennum. Hafið strax samband við sérfræðing í eitrunum ef stórir skammtar hafa verið teknir inn eða andað inn. |
| <b>Sérstök meðhöndlun</b>         | : Engin sértæk meðferð.  |

## 5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður

**Viðeigandi slökkvibúnaður** : Notið þurrt efnaduft, CO<sub>2</sub>, vatnsúða (þoku) eða froðu.

**Óhentugur slökkvibúnaður** : Notið ekki vatnsháþrýstdælu.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

- |   |  |
|---|--|
| <b>Hætta sem stafar af efninu eða blöndunni</b> | : Eldfirur vökti og gufa. Við eldsvoða eða upphitun, mun þrýstingur aukast hratt og ílátíð getur opnast sem getur haft sprengingu í för með sér. Leki í niðurfall getur valdið eldi eða sprengihættu. Þetta efni er skaðlegt vatnalífverum og hefur langvarandi áhrif. Slökkvivatn sem er mengað af þessu efni verður að afmarka og fyrirbyggja verður að það sé losað í vatn, ræsi eða niðurfall. |
| <b>Hættuleg hitaniðurbrotsefni</b>              | : Niðurbrotsafurðir geta innihaldið eftirfarandi efni:<br>koldíoxíð<br>kolsýringur<br>málmoxíð   |

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

- |   |  |
|---|--|
| <b>Sérstakar varnaraðgerðir fyrir slökkviliðsmenn</b> | : Einangrið slysstað umsvifalaust með því að fjarlægja alla aðila burt af slysstað ef eldur er laus. Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Færð ílát frá eldsvæðinu ef slíku er hægt að koma við áhættulaust. Notið vatnsúða til að kæla ílát nærrí eldinum. |
|---|--|

## 5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

- Sérstakan hlífðarbúnað fyrir slökkviliðsmenn** : Slökkviliðsmenn skulu klæðast viðeigandi hlífðarbúnaði og nota ferskloftsgrímu eða öndunartæki með sambjöppuðu súrefni (SCBA) og skal tækið tengt heilgrímu sem er undir jákvæðum þrystingi. Klæðnaður fyrir slökkviliðsmenn (m.a. hjálmar, hlífðarstígvel og hlífðarhanskar) sem uppfyllir Evrópustaðal EN 469 veitir lágmarksvernd þegar um efnaslys er að ræða.

## 6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

- Ætlað starfsfólk sem vinnur ekki við neyðarþjónustu** : Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Rýma skal nærliggjandi svæði. Haldið ónauðsynlegum og óvernduðum starfsmönnum fjarri. Ekki snerta eða ganga í gegnum efnaleka. Slökkvið á öllum kveikjugjöfum. Engin blys, reykingar eða loga á hættusvæðinu. Andið ekki að ykkur gufu eða úða. Tryggið fullhægjandi lofræestingu. Notið viðeigandi öndunargrímu þegar lofræesting er ekki næg. Notið viðeigandi hlífðarbúnað.
- Fyrir bráðaliða** : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita upplýsinga í kafla 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í kaflanum „Fyrir starfsfólk sem er ekki í neyðarþjónustu“.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

- : Forðist að dreifa efnaleka og afrennsli og forðist snertingu við jarðveg, vatnaumhverfi, niðurföll og ræsi. Ef varan hefur valdið umhverfismengun (í niðurföllum, vatnaleiðum, jarðvegi eða andrúmslofti) ber að tilkynna það til viðeigandi yfirvalda. Efni sem veldur vatnsmengun. Getur verið hættulegt umhverfinu ef mikil losun á sér stað.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

- Lítill leki** : Hindrið leka ef því fylgir engin áhætta. Fjarlægja skal ílát frá lekasvæði. Notið neistafrí verkfæri og sprengiheldan búnað. Þynnið með vatni og þurrkið upp með moppu ef efnið er vatnsleysanlegt. Ef efnið leysist ekki í vatni, skal ísoga það með óvirku þurru efni og setja í viðeigandi ílát til förgunar. Förgun sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um.
- Mikill leki** : Hindrið leka ef því fylgir engin áhætta. Fjarlægja skal ílát frá lekasvæði. Notið neistafrí verkfæri og sprengiheldan búnað. Nálgist lekann undan vindri. Hindra skal að efnið berist í ræsi, vatnaumhverfi, kjallara eða inn í lokuð rými. Hreinsið leka í skólphreinsistöðvum eða framkvæmið eftirfarandi. Afmarkið og takið upp leka með óbrennanlegu íseygu efni, þ.e. Sandi, jarðvegi, vermikulíti eða Kísilgúr, og setjið síðan í ílát til förgunar samkvæmt lögum og reglugerðum á hverjum stað. Förgun sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um. Mengað ísogsefni getur valdið sömu hættu og varan sem helltist niður.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði

- : Nánari tengiliðaupplýsingar fyrir neyðarþjónustu er að finna í kafla 1. Nánari upplýsingar um viðeigandi hlífðarbúnað er að finna í kafla 8. Frekari upplýsingar um meðhöndlun úrgangs er að finna í kafla 13.

## 7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Nota skal listann yfir viðurkennda notkun í kafla 1 til að finna fáanlegar og sértaekar upplýsingar um notkun sem settar eru fram í váhrifasviðsmyndum.

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

- Varúðarráðstafanir** : Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá Kafla 8). Takið ekki inn. Forðist snertingu við augu, húð og fót. Andið ekki að ykkur gufu eða úða. Forðist losun út í umhverfið. Notið einungis með nægilega góðri lofræestingu. Notið viðeigandi öndunargrímu þegar lofræesting er ekki næg. Farið ekki inn á geymslusvæði og lokuð rými nema fullnægjandi lofræesting sé tryggð. Geymið í upprunalegum umbúðum eða öðrum sampykktum umbúðum sem búnar eru til úr samrýmanlegu efni og eru þétt lokaðar þegar varan er ekki í notkun. Geymið og notið fjarri hita, neistum, opnum eldi eða öðrum kveikjugjöfum. Notið sprengiheldan rafbúnað (lofræesting, lýsing og meðferð efnis). Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Grípa skal til varúðarráðstafana gegn losun stöðurrafmagns. Tóm ílát eða lok geta innihaldið efnaleifar og verið hættulegar. Endurnotið ekki ílatið.

## 7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

**Leiðbeiningar um almennt hreinlæti á vinnustöðum** : Að borða, drekka og reykja skal vera bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið. Starfsmenn skulu þvo hendur og andlit áður en þeir borða, drekka eða reykja. Afklæðist menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en farið er inn á svæði þar sem matar er neytt. Frekari upplýsingar um hreinlætisráðstafanir er að finna í kafla 8.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Geymist í samræmi við lög og reglugerðir. Geymið á aðskildu og samþykktu svæði. Geymið í upprunalegum umbúðum varið beinu sólarljósi á þurrum köldum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá kafla 10) og mat og drykk. Eyða skal öllum uppsprettum íkveikju. Gufur eru þyngri en loft og geta dreift sér niður með gólfhlötum. Halda skal efninu aðskildu frá oxandi efnum. Haldið flátum þétt lokaðum og innsigluðum þangað til þau eru tilbúin til notkunar. Ílát sem hafa verið opnuð verður að innsigla aftur vandlega og halda þeim uppréttum til að koma í veg fyrir leka. Geymið ekki í ómerktum ílátum. Notið viðeigandi umbúnað/umbúðir til að forðast mengun umhverfisins.

### 7.3 Sértaek, endanleg notkun

**Ráðleggingar** : Ekki fyrirliggjandi.  
**Sérstakar úrlausnir í iðnaði** : Ekki fyrirliggjandi.

## 8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Upplýsingar eru veittar samkvæmt dæmigerðri áætlaðri notkun vörunnar. Viðbótar ráðstafana gæti verið krafist vegna meðhöndlunar búa eða vegna annarrar notkunar sem gæti aukið umtalsvert váhrif starfsmanna eða váhrif almennt eða losun út í umhverfið.

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur

#### Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi

Vara/heiti innihaldsefnis	Viðmiðunarmörk fyrir váhrif
Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt	<b>European Hydrocarbon Solvent Suppliers (CEFIC-HSPA) methodology (Evrópa).</b> TWA: 100 mg/m³ 8 klukkustundir.
1,2,4-trímetýlbensen	<b>Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 4/2009).</b> TWA: 100 mg/m³ 8 klukkustundir. TWA: 20 ppm 8 klukkustundir.
2-Metoxý-1-metylletýlasetat	<b>Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 4/2009).</b> <b>Frásogað um húð.</b> STEL: 550 mg/m³ 15 mínútur. STEL: 100 ppm 15 mínútur. TWA: 275 mg/m³ 8 klukkustundir. TWA: 50 ppm 8 klukkustundir.
xýlen	<b>Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 4/2009).</b> <b>Frásogað um húð.</b> STEL: 442 mg/m³ 15 mínútur. STEL: 100 ppm 15 mínútur. TWA: 109 mg/m³ 8 klukkustundir. TWA: 25 ppm 8 klukkustundir.
mesítýlen	<b>Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 4/2009).</b> TWA: 100 mg/m³ 8 klukkustundir. TWA: 20 ppm 8 klukkustundir.

## 8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

**Ráðlagðar verlagsreglur um vöktun** : Ef þessi vara inniheldur efni með viðmiðunarmörk fyrir váhrif getur verið nauðsynlegt að kanna, með eftirliti á einkarými, vinnustað og líffræðilegum rannsóknum, hvort fullnægjandi loftræstibúnaður, eða annars konar ráðstafanir, séu til staðar og/eða kanna hvort nauðsyn beri til að nota öndunargrímur. Vísa skal til eftirlitsstaðla, til að mynda eftirfarandi: Evrópustaðall EN 689 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun fyrir íðefnum til að bera saman við viðmiðunarmörk og mælingaraðferð) Evrópustaðall EN 14042 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Leiðbeiningar um innleiðingu og notkun á verklagsefnum til að meta váhrif gagnvart íðefnum og líffræðilegum áhrifavöldum) Evrópustaðall EN 482 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Almennar kröfur um afköst verlagsreglna til að mæla íðefni) Einnig er krafist tilvísunar til leiðbeininga í hverju landi fyrir sig varðandi aðferðir til að meta hættuleg efni.

### DNEL/DMEL-gildi

Engin DNEL/DMEL-gildi tiltæk.

### PNEC (Predicted No-Effect Concentration)

Engin PNEC-gildi tiltæk.

## 8.2 Váhrifavarnir

**Viðeigandi tæknilegt eftirlit** : Notið einungis með nægilega góðri loftræstingu. Notið afmörkun vinnslusvæðis, staðbundna útblástursloftræstingu eða aðrar verkfræðilegar lausnir til að halda váhrifum vegna loftborinnar mengunar fyrir neðan öll þau mörk sem mælt er með eða sem lög kveða á um. Verkfræðilegar lausnir þarf einnig að nota til að halda styrk lofttegunda, gufu eða reyk fyrir neðan öll lægri sprengimörk. Notið sprengiheldan loftræstibúnað.

### Ráðstafanir til að vernda einstaklinga

**Hreinlætisráðstafanir** : Þvoið hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar og áður en farið er á snyrtunga við lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið föt, sem óhreinkast af efninu, fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnskunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hverrar starfsstöðvar.

**Hlífðargleraugu/andlitsvörn** : Nota skal öryggisgleraugu sem uppfylla staðla þegar áhættumat gefur til kynna að nauðsynlegt sé að forðast váhrif vegna vökvassettna, úða, lofttegunda eða ryks. Ef möguleiki er á snertingu skal klæðast eftirfarandi hlífðarfatnaði, nema mat á aðstæðum bendi til þess að þörf sé á meiri vörn: öryggisgleraugu með hliðarhlífum.

### Húðvörn

#### Handvörn

: Notið efnaverndandi hanska sem flokkaðir eru samkvæmt staðli EN 374: hlífðarhanskar gegn íðefnum og örefnum.  
 Ráðlagt: Viton® eða Hanskar úr nítríli. Í þeim tilvikum sem langvarandi eða sífellt snerting gæti átt sér stað, er mælt með hönskum í verndarflokki 6 (slitþol umfram 480 mínútur samkvæmt EN 374). Þegar búast má við snertingu í aðeins skamman tíma, er mælt með hönskum í verndarflokki 2 eða hærri (slitþol meira en 30 mínútur samkvæmt EN 374). Notandinn verður að gæta þess að hanskagerðin sem verður fyrir valinu til að meðhöndla þessa vöru sé sú sem eigi best við og hafa einnig í huga þau sérstöku notkunarskilyrði sem getið er í áhættumati notandans. VEITIÐ ATHYGLI: Við val á sérstökum hönskum til beitingar á tiltekinn hátt og til endingar í ákveðinn tíma á vinnustað, skal einnig tekið tillit til allra annarra þáttu viðkomandi vinnustaðnum, til dæmis, en ekki eingöngu: annarra íðefna sem gætu verið meðhöndluð, líkamlegra skilyrða (vörn gegn skurði/gati, handlagni, hitavörn), hugsanlegs ofnæmis gegn efni hanska, auk leiðbeininga/upplýsinga sem veittar eru af birgðasala hanskanna.

Verjandi krem geta komið að gagni við að hlífa óvörðum húðsvæðum en slík krem ætti ekki að bera á eftir að váhrif hafa orðið.

## 8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

<b>Hlífðarbúningur</b>	: Velja skal persónuhlífar og hlífðarbúnað fyrir líkamann samkvæmt því verkefni sem leysa skal og þeiri áhættu sem það felur í sér og sérfræðingur þarf að samþykkja slíkt áður en varan er meðhöndluð. Þegar hætta er á íkveikju vegna stöðurafmagns skal klæðast hlífðarfatnaði úr agraefmagnandi efni. Klæðnaður skal fela í sér hlífðarföt, skófatnað og hanska úr agraefmagnandi efni til að fá bestu vernd gegn stöðurafmagni. Nánari upplýsingar er að finna í Evrópustaðli EN 1149 varðandi efni, hönnunarkröfur og prófunaraðferðir.
<b>Aðrar hlífar fyrir húð</b>	: Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeiri áhættu sem það felur í sér. Sérfræðingur þarf að samþykkja slíkt áður en varan er meðhöndluð.
<b>Öndunarvörn</b>	: Nota skal rétt áfesta lofhreinsandi eða ferskloftsgrímu sem uppfyllir viðkomandi staðla, ef hættumat gefur til kynna að slíkt sé nauðsynlegt. Val á öndunargrímu verður að vera byggt á þekktu eða áætluðu magni váhrifa, hættunni sem fylgir vörunni og öryggismörkum hinnar völdu öndunargrímu.
<b>Váhrifavarnir vegna umhverfis</b>	: Losun úr loftræstingu eða vinnslubúnaði skal athuga til að tryggja að hún sé í samræmi við kröfur umhverfisverndarlögjafar. Í sumum tilvikum eru gufuhrreinsibúnaður, síur eða vélfræðilegar breytingar á vinnslubúnaðinum nauðsynlegar til að draga úr útblæstri þannig að hann sé viðunandi.

## 9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

#### Útlit

<b>Eðlisfræðilegt form</b>	: Vökvi.
<b>Litur</b>	: Mismunandi
<b>Lykt</b>	: Leysir.
<b>Lyktarmörk</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>pH-gildi</b>	: Á ekki við.
<b>Bræðslumark/frostmark</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Upphafssuðumark og suðumarksbil</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Blossamark</b>	: Closed cup: 35°C
<b>Uppgufunarhraði</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Eldfimi (fast efni, lofttegund)</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Efri/neðri eldfimimörk eða sprengimörk</b>	: Stærsta þekkta svið: Neðri: 1.4% Efri sprengimörk: 7.6% (Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt)
<b>Gufuþrýstingur</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Eðlismassi gufu</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Eðlismassi</b>	: 1.41
<b>Leysni</b>	: Óleysanlegt í eftirfarandi efnum: kalt vatn.
<b>Deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Sjálfsvíkveikjuhitastig</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Niðurbrotshítastig</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Seigja</b>	: Hreyfifræðilegur (stofuhiti): 1497 mm <sup>2</sup> /s
<b>Sprengifimi</b>	: Ekki fyrirliggjandi.
<b>Oxunareiginleikar</b>	: Ekki fyrirliggjandi.

### 9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

## 10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

- 10.1 Hvarfgirni** : Engar upplýsingar úr rannsóknum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.
- 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki** : Varan er stöðug.
- 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi** : Við eðlilegar aðstæður geymslu og notkunar, munu hættuleg efnahvörf ekki eiga sér stað.
- 10.4 Skilyrði sem ber að varast** : Forðist alla hugsanlega kveikjugjafa (neista eða eld). Ekki skal setja ílát undir þrysting, skera, logsjóða, brasa, lóða, bora, mala þau eða láta ílát vera berskjölduð gegn hita eða kveikjugjöfum.
- 10.5 Ósamrýmanleg efni** : Hvarfgjarnt eða ósamrýmanlegt við eftirfarandi efni: oxandi efni
- 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni** : Við tiltekin geymslu- eða notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

## 11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

#### Bráð eiturhrif

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða	Tegundir	Skammtur	Váhrif
Solvent naphtha (petroleum), light arom. 1,2,4-trímetýlbensen	50% drápsskammtur (LD50) Um munn Miðgildisbanastyrkur (LC50) Innöndun Gufa	Rotta	8400 mg/kg	-
2-metoxý-1-metýletýlasetat	50% drápsskammtur (LD50) Á húð 50% drápsskammtur (LD50) Um munn	Rotta	18000 mg/m³	4 klukkustundir
xýlen	50% drápsskammtur (LD50) Á húð 50% drápsskammtur (LD50) Um munn	Kanína	5 g/kg	-
mesítýlen	50% drápsskammtur (LD50) Um munn Miðgildisbanastyrkur (LC50) Innöndun Gufa	Rotta	5000 mg/kg	-
	50% drápsskammtur (LD50) Um munn	Rotta	8532 mg/kg	-
	50% drápsskammtur (LD50) Um munn	Rotta	4300 mg/kg	-
	Miðgildisbanastyrkur (LC50)	Rotta	24000 mg/m³	4 klukkustundir
	50% drápsskammtur (LD50) Um munn	Rotta	5000 mg/kg	-

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

#### Mat á bráðri eiturn

Leið	ATE (Acute Toxicity Estimates) gildi
Á húð Innöndun (gufur)	39722.8 mg/kg 186 mg/l

#### Ertung/æting

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða	Tegundir	Stig	Váhrif	Rannsókn
Solvent naphtha (petroleum), light arom.	Augu - Væg ertandi áhrif	Kanína	-	24 klukkustundir 100 microliters	-
mesítýlen	Augu - Væg ertandi áhrif	Kanína	-	24 klukkustundir 500 milligrams	-
	Húð - Miðlungs ertandi efni	Kanína	-	24	-

## 11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

				klukkustundir 20 milligrams
--	--	--	--	--------------------------------

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### Næming

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### Stökkbreytandi áhrif

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### Krabba meinsvoldandi áhrif

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### Eiturhrif á æxlun

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### Veldur vansköpunum

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### Sértæk eiturhrif á marklífðæri – váhrif í eitt skipti

Vara/heiti innihaldsefnis	Flokkur	Váhrifaleið	Marklífðæri
Solvent naphtha (petroleum), light arom.	3. undirflokkur	Á ekki við.	Erting öndunarfæra og Sljóvgandi áhrif
1,2,4-trímetýlbensen xýlen mesítýlen	3. undirflokkur 3. undirflokkur 3. undirflokkur	Á ekki við. Á ekki við. Á ekki við.	Erting öndunarfæra Erting öndunarfæra Erting öndunarfæra
			Erting öndunarfæra

### Sértæk eiturhrif á marklífðæri – endurtekin váhrif

Vara/heiti innihaldsefnis	Flokkur	Váhrifaleið	Marklífðæri
Fatty acids, C18-unsatd., trimers, compds. with oleylamine	1. undirflokkur	Ekki skilgreint	Ekki skilgreint
Fatty acids, tall-oil, compds. with oleylamine	2. undirflokkur	Ekki skilgreint	Ekki skilgreint

### Ásvelgingarhætta

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða
Solvent naphtha (petroleum), light arom. xýlen	ÁSVELGINGARHÆTTA - 1. undirflokkur ÁSVELGINGARHÆTTA - 1. undirflokkur

**Upplýsingar um líklegar váhrifaleiðir** : Ekki fyrirliggjandi.

### Hugsanleg bráð áhrif á heilbrigði

**Snerting við augu** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Innöndun** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Snerting við húð** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Inntaka** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

### Einkenni sem varða eðlis-, efna- og eiturfræðilega eiginleika

**Snerting við augu** : Engar sértækjar upplýsingar.

**Innöndun** : Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars:  
höfuðverkur  
sljóleiki/preyta  
sundl/swimi  
slappleiki í vöðvum  
meðvitundarleysi

**Snerting við húð** : Engar sértækjar upplýsingar.

**Inntaka** : Engar sértækjar upplýsingar.

### Tafin og tafarlaus áhrif og langvinn áhrif eftir skammtíma- og langtímaáhrif

## 11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### Skammvinn útsetning

**Hugsanleg tafarlaus áhrif** : Ekki fyrirliggjandi.

**Hugsanleg áhrif sem geta komið fram seinna** : Ekki fyrirliggjandi.

### Langvinn útsetning

**Hugsanleg tafarlaus áhrif** : Ekki fyrirliggjandi.

**Hugsanleg áhrif sem geta komið fram seinna** : Ekki fyrirliggjandi.

### Hugsanleg langvinn áhrif á heilbrigði

Ekki fyrirliggjandi.

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

**Almennt** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Krabbameinsvaldandi áhrif** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Stökkbreytandi áhrif** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Veldur vanskópunum** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Áhrif á þroska** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Áhrif á frjósemi** : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

**Aðrar upplýsingar** : Ekki fyrirliggjandi.

## 12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða	Tegundir	Váhrif
Solvent naphtha (petroleum), light arom.	Bráður 50% verkunarstyrkur (EC50) 6. 14 mg/m <sup>3</sup> Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 9. 22 mg/m <sup>3</sup>	Halaflær Fiskur - Mykiss	48 klukkustundir 96 klukkustundir
1,2,4-trímetýlbensen	Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 4910 µg/l Sjávarvatn	Krabbadýr - Elasmopus pectenircus - Fullorönn	48 klukkustundir
	Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 22. 4 mg/l Ferskt vatn	Fiskur - Tilapia zillii	96 klukkustundir
2-metoxý-1-metylasetat	Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 134 mg/l Ferskt vatn	Fiskur	96 klukkustundir
xýlen	Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 8500 µg/l Sjávarvatn	Krabbadýr - Palaemonetes pugio	48 klukkustundir
	Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 13400 µg/l Ferskt vatn	Fiskur - Pimephales promelas	96 klukkustundir
mesítýlen	Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 13000 µg/l Sjávarvatn	Krabbadýr - Cancer magister - Lirfuform sumra tifætla	48 klukkustundir
	Bráður Miögildisbanastyrkur (LC50) 12520 til 15050 µg/l Ferskt vatn	Fiskur - Carassius auratus	96 klukkustundir
	Langvarandi NOEC 400 µg/l Ferskt vatn	Halaflær - Daphnia magna	21 dagar

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### 12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

**Niðurstaða/Samantekt** : Ekki fyrirliggjandi.

### 12.3 Uppsöfnun í lífverum

## 12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

Vara/heiti innihaldsefnis	LogP <sub>ow</sub>	BCF	Hugsanleg
1,2,4-trímetýlbensen	3.63	243	lágtr
2-metoxý-1-metýletýlasetat	1.2	-	lágtr
xýlen	3.12	8.1 til 25.9	lágtr
mesítýlen	3.42	186.208713666	lágtr

### 12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

**Klofningsfasti fyrir jarðveg/ vatn (K<sub>oc</sub>)**

**Hreyfanleiki** : Ekki fyrirliggjandi.

### 12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

**Þrávirk lífmagnandi og eitruð efni (PBT)** : Á ekki við.

**Mjög þrávirk, mjög lífmagnandi efni (vPvB)** : Á ekki við.

### 12.6 Önnur skaðleg áhrif

: Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

## 13. LIÐUR: Förgun

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Nota skal listann yfir viðurkennda notkun í kafla 1 til að finna fáanlegar og sértækjar upplýsingar um notkun sem settar eru fram í váhrifasviðsmyndum.

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

#### Vara

**Aðferðir við förgun** : Forðast skal myndun úrgangs eða hún lágmörkuð allsstaðar þar sem kostur er. Förgun þessarar vöru, lausna og allra afleiddrar vöru skal á öllum tíma samræmast kröfum um umhverfisvernd og uppfylla löggjöf um förgun og úrgang og allar staðbundnar kröfur yfirvalda á hverjum stað. Förgun afganga og óendurvinnanlegra vara sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um. Ekki skal farga ómeðhöndluluðum úrgangi í niðurfall nema slíkt standist kröfur allra dómbærra yfirvalda.

**Hættulegur úrgangur** : Flokkun vörunnar getur fallið undir viðmið um spilliefni og hættulegan úrgang.

#### Úrgangsskrá Evrópu (EWC)

Code number	Úrgangsflokkun
EWC 08 01 11*	úrgangsmálning og -lökk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni

#### Pökkun

**Aðferðir við förgun** : Farga skal umbúðum mengast af vörunni í samræmi við staðbundin eða innlend lagaákvæði. Efni og umbúðum skal fargað sem spilliefnum. Förgun sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um.

**Sérstakar varúðarráðstafanir** : Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt. Gæta skal varúðar við meðhöndlun tómra íláta sem hafa ekki verið hreinsuð eða skoluð vandlega. Tóm íláta eða lok geta innihaldið efnaleifar. Gufur frá leifum vörunnar geta myndað mjög eldfima eða sprengifima lofttegund inni í ílátinu. Ekki skal skera, sjóða eða slípa notuð íláta nema þau hafi verið hreinsuð vandlega að innanverðu. Forðist að dreifa efnaleka og afrennsli og forðist snertingu við jarðveg, vatnaumhverfi, niðurföll og ræsi.

## 14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

	ADR/RID	IMDG	IATA
14.1 UN-númer	UN1263	UN1263	UN1263
14.2 Rétt UN-sendingarheiti	MÁLNING	MÁLNING	MÁLNING
14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga	3 	3 	3 
14.4 Pökkunarflokkur	III	III	III
14.5 Umhverfishættur	Nei.	Nei.	Nei.
Frekari upplýsingar	<u>Sérákvæði</u> 640 (E)  <u>Gangakóði</u> (D/E)	-	-

Aðgreiningarflokkur IMDG-kóða : Á ekki við.

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda : Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda: flytjið efnið alltaf í lokaðum flátum sem standa upprétt og eru tryggilega fest. Tryggið að starfsfólk sem flytur vöruna viti hvernig bregðast skal við við slys eða leka.

14.7 Flutningar búlfarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá og IBC-kóðanum : Ekki fyrirliggjandi.

## 15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sírtæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

ESB-reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)

XIV. viðauki - Listi yfir efni sem á eftir að heimila

XIV. viðauki

Efni sem gefa tilefni til áhyggna

Ekkert innihaldsefnanna er skráð.

XVII. viðauki - : Á ekki við.

Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, markaðssetningu og notkun tiltekinna hættulegra efna, efnablandna og hluta

Aðrar ESB reglugerðir

Skrá fyrir Evrópu : Ekki ákvarðað.

Sérstök fyrirmæli varðandi pakkningar

## 15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

**Ílát sem passa í barnheldar festingar** : Á ekki við.

**Áþreifanleg hættumerki** : Á ekki við.

### Efni sem eyða ósonlaginu (1005/2009/ESB)

Ekki á skrá.

### Fyrirframupplýst samþykki (PIC) (649/2012/EU)

Ekki á skrá.

#### Innlendar reglur

**Tilvísanir** : Samrýmist reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH), viðauka II og reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

**15.2 Efnaöryggismat** : Ekkert efnaöryggismat fyrir þetta efni hefur farið fram.

## 16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

▼ Vízar í upplýsingar sem hafa breyst frá síðustu útgáfu.

**Skammstafanir og upphafsstafir** : ATE = Matsgildi bráðra eiturhrifa  
 CLP = Reglugerð um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna [Reglugerð (EB) nr. 1272/2008]  
 DMEL = Afleidd lágmarksáhrifamörk  
 DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk  
 ESB-H setning = Hættusetning sem á við um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP-reglugerð)  
 PBT = Efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð  
 PNEC = Áætlaður styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjánleg  
 RRN = REACH-skráningarnúmer  
 vPvB = Efni sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli

### Aðferð notuð við flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

Flokkun	Rökstuðningur																												
Flam. Liq. 3, H226 Aquatic Chronic 3, H412	Miðað við rannsóknarniðurstöður Reikningsaðferð																												
<b>Heildartexti styttra H-setninga</b> :	<table border="1"> <tr> <td>H226</td><td>Eldfimur vökti og gufa.</td></tr> <tr> <td>H304</td><td>Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.</td></tr> <tr> <td>H312</td><td>Hættulegt í snertingu við húð.</td></tr> <tr> <td>H315</td><td>Veldur húðertingu.</td></tr> <tr> <td>H317</td><td>Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.</td></tr> <tr> <td>H318</td><td>Veldur alvarlegum augnskaða.</td></tr> <tr> <td>H319</td><td>Veldur alvarlegrri augnertingu.</td></tr> <tr> <td>H332</td><td>Hættulegt við innöndun.</td></tr> <tr> <td>H335</td><td>Getur valdið ertingu í öndunarfærum.</td></tr> <tr> <td>H336</td><td>Getur valdið sljóleika eða svima.</td></tr> <tr> <td>H372</td><td>Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.</td></tr> <tr> <td>H373</td><td>Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.</td></tr> <tr> <td>H411</td><td>Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.</td></tr> <tr> <td>H412</td><td>Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.</td></tr> </table>	H226	Eldfimur vökti og gufa.	H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.	H312	Hættulegt í snertingu við húð.	H315	Veldur húðertingu.	H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.	H318	Veldur alvarlegum augnskaða.	H319	Veldur alvarlegrri augnertingu.	H332	Hættulegt við innöndun.	H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.	H336	Getur valdið sljóleika eða svima.	H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.	H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.	H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.	H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
H226	Eldfimur vökti og gufa.																												
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.																												
H312	Hættulegt í snertingu við húð.																												
H315	Veldur húðertingu.																												
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.																												
H318	Veldur alvarlegum augnskaða.																												
H319	Veldur alvarlegrri augnertingu.																												
H332	Hættulegt við innöndun.																												
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.																												
H336	Getur valdið sljóleika eða svima.																												
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.																												
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.																												
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.																												
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.																												

## 16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

<b>Heildartexti flokkunar [CLP/ GHS]</b>	Acute Tox. 4, H312 Acute Tox. 4, H332 Aquatic Chronic 2, H411 Aquatic Chronic 3, H412 Asp. Tox. 1, H304 EUH066 Eye Dam. 1, H318  Eye Irrit. 2, H319  Flam. Liq. 3, H226 Skin Irrit. 2, H315 Skin Sens. 1, H317 STOT RE 1, H372  STOT RE 2, H373  STOT SE 3, H335  STOT SE 3, H336	BRÁÐ EITURHRIF (á húð) - 4. undirflokkur BRÁÐ EITURHRIF (innöndun) - 4. undirflokkur LANGVINN EITURHRIF - 2. undirflokkur LANGVINN EITURHRIF - 3. undirflokkur ÁSVELGINGARHÆTTA - 1. undirflokkur Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING - 1. undirflokkur  ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING - 2. undirflokkur  ELDFIMIR VÖKVAR - 3. undirflokkur HÚÐÆTING/HÚÐERTING - 2. undirflokkur HÚÐNÆMING - 1. undirflokkur SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – ENDURTEKIN VÁHRIF - 1. undirflokkur SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – ENDURTEKIN VÁHRIF - 2. undirflokkur SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – VÁHRIF Í EITT SKIPTI (Ertung öndunararfæra) - 3. undirflokkur SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – VÁHRIF Í EITT SKIPTI (Sljóvgandi áhrif) - 3. undirflokkur
--	--	---

Dagsetning prentunar : 31/05/2017

Dagsetning útgáfu/ : 31/05/2017

Dagsetning endurskoðunar

Dagsetning fyrri útgáfu : 11/06/2016

Útgáfa : 3

### Athugasemd ætluð lesanda

**MIKILVÆG ATHUGASEMD:** Upplýsingarnar í þessu öryggisblaði (sem gæti tekið breytingum annað veifið) eru ekki tæmandi og eru settar fram í góðri trú og taldar réttar á þeim degi þegar þær eru útbúnar. Það er á ábyrgð notanda að staðfesta að þetta öryggisblað sé nýjasta útgáfan áður en varan sem það vísar til er notuð.

Þeir sem nota upplýsingarnar verða sjálfir að ákvarða hvort viðkomandi vara hentar tilgangi þeirra áður en hún er notuð. Ef tilgangurinn er annar en sá sem mælt er sérstaklega með á þessu öryggisblaði notar notandinn vöruna á eigin ábyrgð.

**FYRIRVARI FRAMLEIÐANDA:** Framleiðandi hefur hvorki stjórн á né vitnesku um þau skilyrði, aðferðir og áhrifabætti sem lúta að meðhöndlun, geymslu, beitingu, notkun og förgun vörunnar. Því ábyrgist framleiðandi ekki neina óæskilega atburði sem kunna að verða við meðhöndlun, geymslu, beitingu, notkun, misnotkun eða förgun vörunnar og framleiðandinn undanskilur sig sérstaklega, að því marki sem heimilað er í gildandi lögum, ábyrgð á hvers kyns og öllu tapi, tjóni og/eða útgjöldum sem leiða af eða tengjast á einhvern hátt geymslu, meðhöndlun, notkun eða förgun vörunnar. Örugg meðhöndlun, geymsla, notkun og förgun er á ábyrgð notenda. Notendur verða að fara að öllum gildandi lögum um heilsuvernd og öryggi.

Við afhendum allar vörur með fyrirvara um staðlaða fyrirtækisskilmála okkar, sem fela í sér takmarkanir á ábyrgð, nema við höfum samið sérstaklega um annað. Gætið þess að lesa þá og/eða viðkomandi samning sem kann að hafa verið gerður við AkzoNobel (eða tengt fyrirtæki, eftir atvikum).

© AkzoNobel